

Með því að áfrýjandi hefur þannig eigi fært sönnur á að merkjadómurinn hafi í nefndu atriði gjört sig sekan í lögleysu í dómi sínum, og með því að eigi virðist heldur verða að dóminum fundið í öðrum atriðum, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málflutningslaun til hins skipaða talsmanns stefnda, er ákveðaðst 15 kr., að greiðast úr landssjóði. Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns stefnda hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskadur. Málskostnaður fellur niður og málflutningslaun hins skipaða talsmanns prestsetursins, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 15 krónur, greiðist úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 14/1897:

Pjetur S. Klemensson
gegn
Sigurði Eiríkssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í hjeradi áfrýjandinn gegn stefnda til skadabóta fyrir rot á samningi um húsaleigu þeirra á milli og ólöglegan útbud úr

herbergi í húsi stefnda, »Berlin« á Búðareyri, er áfrýjandinn áleit sig hafa haft leigurjett til, og var málið dæmt í aukarjetti Seyðisfjarðarkaupstaðar 4. jan. þ. á. þannig, að stefndi var dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Auk þess var umboðsmaður stefnda Stefán Th. Jónsson með dóminum dæmdur í sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til fátækra sjóðs Seyðisfjarðarhrepps.

Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af áfrýjandanum með stefnu, dags. 17. marz þ. á., og hefur hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfutningsmann, og hefur þess verið krafizt af hans hendi, að hinum áfrýjanda dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum í skadabætur 240 kr. og málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málfutningsmanns hans. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hafði til leigu og bjó í herbergi í húsi stefnda á Búðareyri 5 síðustu mánuði ársins 1895 og greiddi hann stefnda húsaleiguna til nýjárs, skömmu eptir að hann var fluttur í herbergið. Um nýjársleytið krafðist stefndi þess, að áfrýjandinn færi úr herberginu, þar sem leigutíminn væri á enda runninn við árslokin og hann

þyrfti sjálfur að nota herbergið til annars, en áfrýjandinn sinni því engu, og ljét þá stefndi fótgetann bera hann út úr herberginu 6. jan. f. á. Með þessum útburði hefur áfrýjandinn talið rjett sinn fyrir borð borinn og krafizt því skaðabóta hjá stefnda í máli þessu. Hefur áfrýjandinn í þessu tilliti haldið því fram, að stefndi hafi verið búinn að leigja sjer umrætt herbergi til aprilmánaðarloka f. á., en gegn neitun stefnda, sem kveður áfrýjanda hafa verið skyldan að fara úr herberginu fyrir nýár 1896, þar sem honum hafi eigi verið leigt herbergið lengur, hefur áfrýjandi eigi getað fært sönnur á sitt mál aðrar en þær, að 2 vitni hafa borið, að stefndi hafi snemma í nóvenbermán. 1895 sagt öðrum manni, sem falaði sama herbergið af stefnda til leigu til aprilmánaðarloka f. á., að hanu gæti eigi leigt honum herbergið sökum þess að leigjandi þess, er þá var (áfrýjandi), hefði beðið sig um það til sama tíma, og ætti hann að hafa forgangsrjettinn; en yfirdómurinn verður að fallast á það álit undirdómarans, að þetta tal við annan óviðkomandi mann hafi eigi getað skapað neinu rjett til herbergisins fyrir áfrýjandann, er hann eigi hafði áður, og að á því verði heldur eigi byggð nein sönnun fyrir því, að stefndi hafi leigt áfrýjanda optnefnt herbergi lengur en hann hefur kannazt við, eða til nýárs 1896.

Með því að þannig eigi verður álitíð sannað, að stefndi hafi rofið leigusamning við áfrýjandann, með því að svipta hann afnotum umrædds her-

bergis og láta fógeta framkvæma útburð á honum úr því, verður að dæma stefnda sýknan fyrir skaðabótakröfu áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig fellst á önnur ákvæði undirrettardómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjandanum að greiða stefnda 20 krónur, en eptir úrslitum málsins verða hinum skipaða málfutningsmanni hans eigi dæmd málsfærslulaun. Að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Pjetur S. Klemensson greiði stefnda Sigurði Eiríkssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 20 — tuttugu — krónum.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 8. nóvembermánaðar.

Nr. 8/1897: Jón Jónsson sem fjárhaldsmaður
Hannesar Jónssonar
gegn
Gísla Þórarinssyni og Guðnýju
Jónsdóttur.

Dómur:

Vorið 1880 brugðu hin stefndu, hjónin Gíslí